

anda því tekinn til greina, eins og hann er, að því undanskildu, að rétt þykir að lækka hann um kr. 2.000,00 vegna áætlaðrar vöruúttektar, sem stefnandi hélt, að væri vanfærð á reikningnum, eins og fyrr er getið. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndur verður dæmdur til að greiða kr. 25.028,00 að frádregnum kr. 2.000,00 eða kr. 23.028,00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæðinni frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

M/b Helgi, VE. 333, fórst við Faxasker 7. janúar 1950 eða tæpum 4 mánuðum áður en mál þetta hófst. Sjóveðskrafa í skipinu verður því ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera :

Stefndur, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Hjálmari Jónssyni, kr. 23.028,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1954.

Nr. 92/1953.

Guðlaugur Halldórsson, Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Oddsteini Friðrikssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson fulltrúi og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Páll Þorbjörnsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1953, krefjast þess, að þeim verði dæmd sýkna

og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi tók að neyta áfengis laugardaginn 9. febrúar 1952 og gat af þeim sökum ekki komið til vinnu mánudaginn hinn 11. s. m. og þriðjudagsmorguninn hinn 12. s. m. Eftir hádegi á þriðjudag kveðst hann hafa verið orðinn svo hress, að hann hafi ætlað að hefja vinnu, en þá hafi verið fram komin auglýsing frá áfrýjendum eftir vélstjóra í hans stað, og hafi hann því horfið frá því að fara til vinnu í bátnum. Telja verður, að stefnda hafi borið nauðsyn til að bjóða fram vinnu sína, þegar er hann mátti því við koma, ef hann vildi halda rétti sínum á hendur áfrýjendum til þrautar. Þetta gerði stefndi ekki, og hann hófst ekki handa gegn áfrýjendum, svo að séð verði, fyrr en stefna var gefin út í máli þessu hinn 11. júní 1952. Með framangreindu hátterni þykir stefndi hafa firrt sig rétti til að koma fram kröfum sínum í máli þessu. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Guðlaugur Halldórsson, Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Oddsteins Friðrikssonar, í máli þessu.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 19. maí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Oddsteini Friðrikssyni vélstjóra, Helgafellsbraut 23 í Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 11. júní 1952, birtri sama dag, á hendur Guðlaugi Halldórssyni skipstjóra, Brekastíg 3, og eigendum Hraðfrystistöðvarinnar í Vestmannaeyjum, þeim Ágústi V. Matthíassyni, Sólhlíð 7, Gísli Þor-

steinssyni, Brimhólabraut 22 og Þorsteini Sigurðssyni, Blátindi, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á kauptryggingu í einn mánuð vegna ólöglegar frávikningar.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 3.597,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1952 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins og viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Hellisey, VE. 2, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum. Í lok málsins gerði stefnandi þá varakröfu, að stefndir verði dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur að mati réttarins auk vaxta, málskostnaðar og sjóveðréttar.

Stefndir hafa mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans. Varakröfu stefnanda mótmæla þeir sérstaklega sem of seint fram kominni.

Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum eru tildrög málsins þau, að í byrjun desember 1951 var stefnandi ráðinn vélstjóri á m/b Hellisey, VE. 2, á vetrarvertíð 1952. Skipstjórinn var einn hinna stefndu, Guðlaugur Halldórsson, og var það hann, sem annaðist ráðninguna, enda er hann mágur stefnanda. Eins og venja er til, skyldi stefnandi vinna að standsetningu vélarinnar, áður en úthaldið hæfist. Hóf stefnandi síðan vinnuna við skipið hinn 7. janúar 1952 og vann til 10. þess mánaðar. Þá veiktist hann og varð frá vinnu til 21. janúar. Byrjaði hann þá vinnu aftur og vann til og með 9. febrúar. Um kvöldið þann dag, sem var laugardagur, hélt Iðnaðarmannafélagið dansleik í Samkomuhúsinu. Lagði stefnandi leið sína þangað og neytti þar áfengis. Daginn eftir, sem var sunnudagur, kom hann ekki að bátnum, enda var ekki unnið þar þann dag. Á mánudag mætti hann ekki heldur, og er komið var fram á þriðjudag, án þess að stefnandi léti sjá sig, ákvað skipstjórinn að auglýsa eftir (nýjum) vélstjóra á skipið og festi upp auglýsingar á nokkrum stöðum í bænum. Von bráðar bauðst skipstjóra annar vélstjóri á skipið. En maður þessi var ráðinn á annan bát, er netjaveiðar hæfust, og vildi skipstjóri því ekki ráða hann, fyrr en hann hefði talað við skipstjóra þess báts. Náði hann síðan sambandi við skipstjórann, sem gaf manninn eftir. Var maðurinn þá ráðinn vélstjóri á m/b Hellisey og byrjaði vinnu við bátinn hinn 13. febrúar og vann svo óslitið til 22. febrúar, en þá var báturinn tilbúinn til veiða. Var lögskráð á bátinn þann dag og róðrar hafnir. Nokkrum dögum eftir að nýi vélstjórinn hafði hafið vinnu sína, kom stefnandi um borð í bátinn og var þá með reikning yfir vinnu sína. Fékk hann reikning þennan greiddan. Síðan sótti hann fót sín og farangur niður í bátinn.

Stefnandi telur, að ráðningu sinni hafi verið ólöglega slitið, og eigi hann því samkvæmt sjómannaögunum rétt til kauptryggingar í einn mánuð, sem nemi hinni umstefndu fjárhæð. Kveðst hann hafa verið lasinn á mánudag og fram á þriðjudag, og hafi hann því ekki mætt til vinnunnar, enda hafi hann ekki verið kallaður. Er ljóst,

að „lasleikinn“, sem að honum gekk, stafaði af áfengisneyzlu, enda óbeint viðurkennt af honum sjálfum. Kvaðst hann hafa ætlað sér að mæta upp úr hádegi á þriðjudag, en þá hafi hann frétt, að búíð væri að ráða annan vélstjóra, án þess að við sig hefði verið talað. Kvaðst hann þá hafa horfið frá því að mæta. Hann hefur haldið því fram, að sér hafi verið óskylt að mæta til vinnunnar nema samkvæmt kalli skipstjóra, en skipstjóri hafi látið slíkt hjá líða, og áður en þeir skildu á laugardag, hafi hann ekki lagt honum neitt starf fyrir, er hann skyldi vinna á mánudag, enda hafi standsetningu vélarinnar verið lokið. Þó viðurkenndi hann, að ekki hefði verið venja, að hann hefði verið kallaður til vinnu.

Stefndir byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að skiprúms-samningur hafi ekki verið kominn á, heldur aðeins forsamningur eða samningur um væntanlega ráðningu stefnanda sem vélstjóra á skipið. Eigi hann því engan rétt á uppsagnarfresti samkv. sjómanna-lögum, og kauptrygging komi ekki til greina, þar sem stefnandi hafi ekki verið á neinni kauptryggingu, meðan hann vann við bátinn. Í öðru lagi telja stefndir, að stefnandi hafi vanrækt skuld-bindingar sínar verulega með því að mæta ekki til vinnu vegna afleiðingar vinnneyzlu, meðan enn var margt ógert við vél og drag-nótaspil og komið fram á vertíð og áriðandi, að róðrar gætu hafizt eins fljótt og hægt væri. Hafi hann því fyrirgert öllum rétti til þess að krefjast bóta, hafi hann á annað borð átt slíkan rétt. Þá benda stefndir á, að stefnanda hafi verið innan handar að sækja formlega um vélstjórastarfið, en það hafi hann alls ekki gert og ekki talað við skipstjóra fyrr en 9 dögum síðar.

Eins og áður er fram tekið, hefur skipstjóri viðurkennt, að hann hafi verið búinn að ráða stefnanda sem vélstjóra á bátinn á vetrar-vertíðinni 1952. Ráðning þessi var bindandi og skapaði aðiljum rétt og skyldur og m. a. bótarétt vegna ráðningar-slita, þótt lögskráning hefði ekki farið fram og þótt ekki væri kominn sá tími, er skylt var að lögskrá. Kemur þá til athugunar, hvort stefndum hafi verið heimilt að slíta ráðningunni, án þess að til bóta kæmi. Er ráðningar-slitin fóru fram, var vertíð almennt byrjuð eða í þann veginn að byrja, en bátur stefndra ekki tilbúinn, vegna þess að standsetningu var ekki lokið. Stefnandi hefur haldið því fram, að standsetningu vélar hafi verið að öllu lokið, og laugardaginn 9. febrúar kveðst hann hafa unnið við að stilla upp í lestinni, og er hann hætti, hafi sér ekki verið lagt neitt verkefni fyrir á mánudag, og sé sér ókunnugt um, að nokkurt verkefni lægi fyrir vélstjórastarfinu tilheyrandi. Skipstjóri hefur bent á, að eftir hafi verið að hreinsa til í vélarrúmi og gera við spilið, en ekki bent á neitt annað ógert, er að vélstjórastarfinu laut. Þykir því varhugavert að telja, að stefnanda hafi verið skylt að mæta ókallaður til vinnu. Og þótt upplýst megi telja, að stefnandi hafi verið forfallaður á mánudag og fram á þriðjudag vegna ástæðna, er hann sjálfur átti sök á, þykir verða að líta svo

á, að hann eigi rétt til bóta, þar sem skipstjóri lét hjá líða að kalla hann til vinnu eða hafa tal af honum og láta hann vita, að fjarvistir hans yrðu látnar varða ráðningarslitum. Bæturnar, sem stefnandi á rétt til, nema kaupri vélstjóra í einn mánuð samkv. 13. gr. sjómanna-laga. Og þar sem upplýst er, að vélstjórinn, sem tók við af stefnanda, hafði kr. 3.845,98 í kaup fyrir tímavinnu og aflahlut til 10. marz 1952, virðist bótaupphæðin, sem stefnandi fer fram á, geta staðizt. Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndir verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.597,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1952 til greiðsludags, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Hellisey, VE. 2, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Guðlaugur Halldórsson og eigendur Hraðfrysti-stöðvar Vestmannaeyja, þeir Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteins-son og Þorsteinn Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Oddsteini Friðrikssyni, kr. 3.597,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Hellisey, VE. 2, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Föstudaginn 12. marz 1954.

Nr. 24/1950. **Ingvar Brynjólfsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Gunnari Guðmundssyni og Finni Thorlacius
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1950. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.